

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi
bt:Erna Karen Óskarsdóttir

Akureyri, 6. nóvember 2020
UST202001-210/S.R.B.
08.12.01

Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi fyrir landeldi FISK Seafood ehf., Hólum, Hjaltadal.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar FISK Seafood ehf. vegna landeldis að Hólum í Hjaltadal.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila til að framleiða allt að 600 tonn á ári af bleikju þar sem hámark lífmassa má ekki fara yfir 600 tonn á hverjum tíma.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 5. nóvember 2036.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess. Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið sbr. 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skal það afhent og birt umsækjanda.

Virðingarfyllst

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
teymisstjóri